

af þessu ljóst ... að stefnandi er óheimildarmaður að vixlinum. Er hér að sjálfsögðu um stórlega vitavert og refsivert athæfi að ræða hjá stefnanda ...” Að kröfu stefnanda ber að ómerkja ummæli þessi og vita þau.

Unnsteinn Beck, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

D ó m s o r ð :

Framangreind ummæli skulu vera ómerkt og ber að vita þau.

Stefndi Guðmundur Guðmundsson greiði stefnanda Sigurði Helgasyni kr. 21 648.00 með 6% ársvöxtum frá 16. okt. 1945 til greiðsludags, $\frac{2}{3}$ % framangreindrar vixilfjárhæðar í þóknun og kr. 2000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 10. marz 1948.

Nr. 35/1947. **Jóhann Guðjónsson, Ragnar Pálsson, Magnús Snorrason, Magnús Baldvinsson, Þiðrik Baldvinsson, Þorkell Teitsson og Erlendur Jónsson**
(Hrl. Egill Sigurgeirsson)
gegn

Favoretta Walterina Kennard og Geir H. Zoëga (Hrl. Lárus Fjeldsted)

Skýring á samningi um afnot veiðiréttar.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 22. apríl 1947 og gert þessar kröfur.

I. Aðalkrafa:

1. Að framsal stefndu F. W. Kennard á réttindum sínum samkvæmt samningi dags. 4. ágúst 1937 til stefnda Geirs H. Zoëga með samningi dags. 17. ágúst og 7. okt. 1944 verði dæmt ógilt gagnvart áfrýjendum, aðallega frá upphafi, en til vara frá 1. janúar 1948, svo og að ákveðið verði, að réttur stefnda F. W. Kennard samkvæmt samningnum frá 4. ágúst 1937 sé niður fallinn.

2. Að dæmt verði, að ráðstöfun áfrýjanda samkvæmt 1. lið samningsins frá 4. ágúst 1937 á veiðiréttindum í Langá, tímabilið frá 1. janúar 1948 til 1. janúar 1958, sé ólögmat og skuldbindi ekki áfrýjendur.

II. Varakrafa:

1. Að ákveðið verði, að veiðiréttindi stefnda F. W. Kennard samkvæmt samningnum frá 4. ágúst 1937 séu persónuleg fyrir hana sjálfa og börn hennar, enda sé henni og börnum hennar óheimilt að leigja eða leyfa öðrum að nota veiðiréttinn á tímabilinu frá 1. janúar 1948 til 1. janúar 1958.

2. Að stefnda F. W. Kennard og börnum hennar verði einungis talið heimilt að leigja eða leyfa öðrum afnot veiðiréttarins, meðan þau nota réttinn sjálf.

3. Að ákveðið verði, að áfrýjendur hafi rétt til að fá lax keyptan af þeim, sem veiðiréttinn hefur, til heimilisþarfa sinna, eftir því sem þeir óska, fyrir kr. 0.60 hvert kg.

Loks krefjast áfrýjendur þess, að stefndu verði dæmd in solidum eða hvort í sínu lagi til þess að greiða þeim málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndu hafa krafizt staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi áfrýjenda eftir mati dómsins.

Stefndi F. W. Kennard átti veiðirétt í Langá fyrir jörðum áfrýjenda, en afsalaði sér með samningnum frá 4. ágúst 1937 réttinum til þáverandi eigenda jarðanna án endurgjalds. Áskildi hún sér jafnframt að halda veiðiréttinum um 20 ára skeið, þó svo, að hún undirgekkst að greiða gjald fyrir veiðiréttinn síðari áratuginn. Samninginn ber að skýra með hliðsjón af þessum aðdraganda, og þykir þá ákvæði 2. gr. hans heimila henni að framleigja veiðiréttinn með þeim hætti, sem hún hefur gert, enda þótt hún beri áfram ábyrgð gagnvart áfrýjendum á efndum sammingsins, svo sem leigu-greiðslum og því, að veiðin sé hóflega nýtt. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skirskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. janúar 1947.

Mál þetta, sem dómtekið var 17. þ. m., hafa þeir Jóhann Guðjónsson, eigandi Leirulækjar, Ragnar Pálsson og Magnús Snorrason, eigendur Hvítsstaða, Magnús Baldvinsson og Þiðrik Baldvinsson, eigendur Grenja, Þorkell Teitsson, eigandi Litla-Fjalls og Erlendur Jónsson, eigandi Jarðlangsstaða, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 3. maí 1946 gegn þeim Favoretta Walterina Kennard, Westbrook House, Hampton, Englandi og Geir H. Zoëga stórkaupmanni hér í bænum. Gera stefnendur þessar dómkröfur: 1. Að viðurkennt verði með dómi, að stefndi Kennard hafi brotið svo af sér ákvæði síðargreinds samnings frá 4. ágúst 1937, að hún hafi fyrirgert öllum rétti samkvæmt honum og að stefnendur séu lausir allra mála. 2. Að afhending stefnda Kennard á réttindum sínum samkvæmt nefndum samningi til stefnda Zoëga verði dæmd ógild gagnvart stefnendum. 3. Að viðurkennt verði með dómi að stefndi Kennard hafi aðeins persónulegan og óframselj-anlegan veiðirétt í Langá. 4. Að veiðiréttindi stefnda verði aðeins talin ná til hennar sjálfrar og erfingja hennar. 5. Að stefnda verði talið óheimilt að selja veiðirétt sinn öðruvisi en á leigu, meðan hún sjálf notar réttinn. Til vara krefjast stefnendur þess, að viðurkennt verði með dómi, að þeir hafi rétt til að kaupa til heimilisþarfa af laxi þeim, sem stefndu veiði í Langá, fyrir kr. 0.60 pr. kg, og að ráðstöfun stefnenda samkvæmt 1. lið samningsins frá 4. ágúst 1937 á veiðiréttindum í Langá yfir tímabilið 1. janúar 1948 til 1. janúar 1958, verði metin ógild og óskuldbindandi fyrir þá, svo og lögum andstæð. Loks krefjast stefnendur þess, að stefndu verði in solidum eða hvort í sínu lagi dæmd til greiðslu máls- og kostnaðar að skaðlausu eftir mati dómara.

Stefndu hafa krafizt þess aðallega að verða sýknuð af öllum kröfum stefnenda og málskostnaðar úr hendi þeirra in solidum eða hvers í sínu lagi, en til vara hefur stefndi Kennard krafizt þess, verði framleiga hennar til stefnda Zoëga talin óheimil, að viðurkennt verði með dómi, að hún og erfingjar hennar haldi óskertum öllum réttindum sínum samkvæmt margnefndum samningi, þ. e. veiðirétti til 1. janúar 1958 og forgangsrétti til leigu eftir þann tíma. Þá krefst hún og málskostnaðar sem fyrr greinir.

Málavextir eru þessir:

Er veiðilögin nr. 61 frá 1932 gengu í gildi, átti stefndi Kennard veiðiréttindin í Langá, en nokkru síðar fengu landeigendur heimild til innlausnar réttindanna, stofnuðu veiðifélag og voru matsmenn dómkvaddir. Áður en yrði af matsgerð og innlausn samkvæmt lögnum, komust landeigendur að samningum við stefnda, en þrír þeirra höfðu áður gert sérsamninga við hana. Samningurinn milli stefnda og þáverandi eigenda jarða þeirra, sem nú eru í eigu stefnenda, var gerður í Borgarnesi hinn 4. ágúst 1937 og eru

ákvæði hans, er helzt varða mál þetta, svo hljóðandi: „1. Frú F. W. Kennard gefur okkur afsal fyrir veiðirétti í Langá fyrir jörðum okkar, gegn því að hún fái að nota veiðiréttinn endurgjalds-laust í 10 ár eða frá 1. janúar 1938 til 1. janúar 1948 og að hún og hennar erfingjar fái veiðirétt þenna leigðan í næstu 10 ár þar á eftir eða frá 1. janúar 1948 til 1. janúar 1958 gegn því hún greiði þau árin £ 60—0— sextiu pund sterling í leigu á ári samtals, en eftir þann tíma hefur hún forgangsrétt að leigunni, ef hún vill og veiðirétturinn verður leigður, og þá með þeim skilyrðum, er umsemst þá. 2. Frú Kennard hefur leyfi til, meðan hún notar veiðiréttinn samkvæmt framantöldu, að leigja eða leyfa öðrum að nota hann um lengri eða skemmri tíma, með sama rétti og hún hefur.“

Með samningi, dagsettum 17. ágúst og 7. okt. 1944, seldi stefndi Kennard stefnda Zoëga veiðiréttindi í Langá, þau, sem hún átti óskorað, svo og veiðiskála við ána og báta o. fl., en yfirfærði og framleigði stefnda Zoëga allan veiðirétt sinn samkvæmt fyrrgreindum samningi frá 1937, svo og samkvæmt síðari samningum við eigendur tveggja jarða, sem ekki taka þátt í málshöfðun þessari. Af hálfu allra stefnenda voru borin fram mótmæli gegn ráðstöfun þessari, er samningi stefndu var lýst á manntalsþingi, og hafa þeir síðan höfðað mál þetta til riftunar beggja samninga, svo sem fyrr hefur verið lýst.

Stefnendur rökstyðja kröfur sínar með því, að samkvæmt fyrrgreindum samningi frá 1937 hafi stefndi Kennard aðeins öðlazzt persónulegan veiðirétt í Langá í 10 ár gegn afsali veiðiréttinda sinna. Leigan til næstu 10 ára hafi aðeins náð til stefnda og erfingja hennar. Telja þeir sérstaklega fram til stuðnings þessum skilningi á samningsákvæðunum það, að orðunum „og hennar erfingjar“ var bætt í samninginn með bleki, en meginmál hans er vélritað; svo og að forgangsréttur stefnda, að liðnum 10 ára leigusamningi, sé bundinn við nafn hennar einnar. Enn fremur telja þeir, að stefnda sé því aðeins heimilt að leigja eða leyfa öðrum veiðina, að hún sjálf noti réttinn, þ. e. sé sjálf við ána á sumri hverju, en leigði eða leyfði öðrum afnotin þann tíma sumars, sem hún notaði hann ekki sjálf, enda hafi þessi tilhögun verið flest sumur, eftir að hún eignaðist réttindin. Nú hafi hún selt öll hús sín og alla aðstöðu við ána og fái ekki lengur talizt notandi veiðiréttarins. Loks kveðast stefnendur hafa treyst stefnda til að gæta þess, að ánni yrði ekki ofboðið með of mikilli veiði og að ekki kæmi til mála, að hún leigði eða leyfði öðrum veiðiréttinn, nema þeim, sem hún treysti til að fara vel með veiðina. Kveðast þeir aldrei hefðu gengið inn á að þessi veiðiréttur gengi kaupum og solum, enda gæti þá svo farið, að áin væri orðin lítills virði, þegar veiðin félli aftur undir jarðirnar að 20 árum liðnum frá samningagerðinni. Telja stefnendur stefnda hafa, með framsali sínu til stefnda Zoëga gerzt seka um svo stórfelld samningsrof, að riftun samningsins frá 1937 varði.

Stefndu styðja kröfur sínar með því, að samkvæmt ákvæðum samningsins frá 1937 hafi stefndi Kennard óbundnar hendur um framsal eða framleigu veiðiréttarins, enda hafi hún framleigt hann gegn endurgjaldi ýmist heil sumur eða hluta af sumri öll þau ár, sem samningurinn hefur verið í gildi, án athugasemda af hálfu stefnenda fyrr en nú var sagt, og hafi þeim þó verið kunnugt um allar ráðstafanir hennar að þessu leyti.

Samkvæmt 1. gr. samningsins frá 1937 verður ekki annað séð, en að skilyrði þau, sem stefndi setur fyrir afsali réttinda sinna í hendur landeigenda, séu þau, að hún haldi veiðirétti í Langá um 20 ára tímabil gegn £ 60—0—0 árlegu afgjaldi síðari 10 árin. Samkvæmt 2. gr. er henni heimilað framsal þessara réttinda, og þykir ekki unnt að telja stefnendur hafa fært á það sönnur í máli þessu, að aðrar og óskráðar takmarkanir hafi verið meðal samnings-ákvæða aðilja, né heldur, að orðalag 2. gr. geri nauðsynlega návíst stefnda við ána, til þess að heimildinni þar megi beita. Ber því að sýkna bæði stefndu af aðalkröfu stefnenda.

Fyrri varakröfuna rökstyðja stefnendur með því, að stefndi Kennard hafi boðizt til að selja landeigendum af veiði sinni með þessum skilmálum, þegar samningar voru gerðir í Borgarnesi, svo og að sjá um, að þeir, sem kynnu að nota veiðirétt hennar, gerðu hið sama. Halda þeir því fram, að þetta boð stefnda hafi ráðið úrslitum um samningagerðina af hálfu landeigenda, þótt þeir hafi ekki sótt það fast, að ákvæði um það yrði sett í samninginn.

Gegn ákveðnum andmælum af hálfu stefnda, hefur stefnendum ekki tekizt að sanna staðhæfingar sínar að þessu leyti, enda þykja andmæli stefnda hafa nokkra stoð í því að ekki verður séð, að landeigendur hafi krafizt þess að fá lax keyptan við þessi kjör fyrr en í máli þessu. Verður þessi varakrafa stefnanda því eigi til greina tekin.

Síðari varakrafa stefnanda er byggð á ákvæðum 4. töluliðs 2. gr. laga nr. 112 frá 1941, en þau ákvæði voru samhljóða í lögum nr. 61 frá 1932, sem í gildi voru við samningagerðina 1937. Er þar lagt bann við því, að réttur til stangarveiði sé skilinn við landareign um lengri tímabil en 10 ár, nema leyfi ráðherra komi til. Telja stefnendur samning sinn við stefnda ganga í berhögg við ákvæði þetta, og sé hann því ógildur og eigi bindandi fyrir þá.

Stefndi hefur andmælt þessum skilningi og talið, að með samningnum hafi veiðiréttur ekki verið skilinn við lönd þeirra, heldur sameinaður þeim.

Af greinargerð stefnenda í stefnu máls þessa er ljóst, að veiðiréttur í Langá var seldur undan jörðunum um síðustu aldamót og var í eigu erlendra manna síðan. Með vatnalögum nr. 15 frá 1923, 121. gr., var lögleitt bann það við skilnaði veiðiréttar og jarðar, sem að framan greinir og endurtekið var í veiðilögum frá 1936 og 1941. Þykir ljóst, að ákvæði þetta fái ekki tekið til veiðiréttinda,

sem þegar höfðu verið skilin við landareign á löglegan hátt, og ber því að sýkna stefnda einnig af þessari varakröfu stefnenda.

Úrslit málsins verða því þau, að stefndu verða sýknuð af öllum kröfum stefnenda, en rétt þykir þó, að málskostnaður falli niður. Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

D ó m s o r ð :

Stefndu, Favoretta Walterina Kennard og Geir H. Zoëga, skulu vera sýkn af kröfum stefnenda, Jóhanns Guðjónssonar, Ragnars Pálssonar, Magnúsar Snorrasonar, Magnúsar Baldvinssonar, Þiðriks Baldvinssonar, Þorkels Teitssonar og Erlends Jónssonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Fimmtudaginn 11. marz 1948.

Nr. 90/1947. **Réttvísín** (Hrl. Guttormur Erlendsson)
gegn

Ingimundi Guðmundssyni
(Hrl. Egill Sigurgeirsson).

Líkamsárás.

Dómur hæstaréttar.

Með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó þannig, að þar eð ákærði, sem ekki hefur verið refsað áður, átti að gæta reglu á samkomunni og framkoma Harðar Sigurjónssonar var ekki vitalaus, þykir rétt að refsing ákærða sé skilorðsbundin samkvæmt VI. kafla laga nr. 19/1940, og falli hún niður að liðnum 5 árum frá uppsögu dóms þessa, ef skilyrði nefnds kafla laganna verða haldin.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, 500 krónur til hvors.

D ó m s o r ð :

Ákærði Ingimundur Guðmundsson sæti varðhaldi 20 daga. En fullnustu refsingar hans skal fresta og niður skal hún falla að liðnum 5 árum frá uppsögn dóms